



Borgarráð

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á Gröndalshúsi.

Á fundi borgarráðs 10. janúar sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi tillögu:

„Flokkur fólksins leggur til að Innri endurskoðun geri sambærilega úttekt á Gröndalshúsinu og gerð var á endurbyggingu braggans á Nauthólsvegi 100. Gröndalshúsið fór 198 milljónir fram úr áætlun. Leiða þarf til lykta hvort þetta verkefni eins og braggaverkefnið var stjórnlaust og uppfyllt af misferlum. Eftir því sem fram hefur komið hjá Innri endurskoðun er á borði skrifstofunnar úttekt á framkvæmdum við Mathöll Hlemmi, Sundhöll, Vesturbæjarskóla og hjólastíg við Grensásveg.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar telur ekki ástæðu til að gera úttekt á Gröndalshúsi. Verkefnið var unnið á vegum Minjaverndar og þeir starfsmenn sem komu að þessu verkefni á vegum skrifstofunnar hafa látið að störfum enda hófust framkvæmdir fyrir um 10 árum og var lokið fyrir 2 árum.

Ekki er rétt með farið að Gröndalshús hafi farið 198 milljónir fram úr áætlun. Verið er að blanda saman atvinnutengdu samstarfsverkefni með Völundarverki og endurgerð hússins að Vesturgötu. Gerð hefur verið grein fyrir þessu áður í umsögn með fyrirspurn í borgarráði.

Óli Jón Hertervig